# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Eptirrit Innf. 31/10 '08
af Nr. 6
fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur
31. okt. 1908.

Ár 1908 laugardaginn 31. okt. kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar þetta:

1. Bæjarstjórn hafði sent byggingarnefnd til umsagnar erindi frá Matthíasi Matthíassyni kaupmanni um að mega breyta 322 ferálna (eptir framl. uppdrætti að dæma) spildu af erfðafestulandi sínu meðfram Óðinsgötu að neðanverðu í byggingarlóð með venjulegum skilmálum. Byggingarnefndin mælir með þessu fyrir sitt leyti.

2. Guðna gullsmið Símonarsyni leyft að byggja 12° x 14½° hús tvílopta á horninu á Óðinsgötu og Spítalastíg með þeim fyrirvara, að bæjarstjórn samþykkti breytingu á erfðafestulandi í byggingarlóð að því leyti, er þörf er á (sjá næstu gr. á undan). Ennfremur er áskilið, að framhliðar hússins stefni eptir götunum þeim, er þær liggja að.–

3. Bjarna Jónssyni trjesm. (Njálsg. 37) leyft að reisa einlopta íbúðarhús 9° x 10° með anddyri 4½° x 3½° á lóð hans við Frakkastíg (3 lóð frá

Skólavörðustíg)

4. Bjarna Grímssyni í Grímsstaðakoti leyft að byggja einlopta íbúðarhús 7° x 9° með anddyri 3° x 3° á svonefndri Grímsstaðakotslóð.

5. Jóni Jónssyni á Setbergi á Bráðræðisholti leyft að gera við báða gafla á íbúðarhúsi sínum.

6. Eiríki Gíslasyni trjesmið leyft að gera einlofta portbyggt íbúðarhús 12½ x 12½° að stærð við Stýrimannastíg á miðlóðinni milli Ránargötu og Vesturgötu, austan við stíginn.

7. Samúel Ólafsson söðlasmiður beiðist kaups á 5° breiðri ræmu af lóð sinni undir Vitastíg. Lóðin útmæld honum 6. febrúar 1897, 25° fram með Laugavegi og 40° niður, en reynist nú 44° niður að óskertum nágrannalóðum. Bærinn á þannig 4° x 25° = 100 ferálnir neðan af lóð þeirri, er hann telur sjer. Byggingarnefndin leggur til, að bærinn láti það, er hann á þar, er spildan er tekin (: 100-20 = 80/4 ferálnir), gegn því er Samúel látur af hendi (: 40° x 5° = 200 ferálnir) og gefi bærinn á milli eptir samkomulagi. –

8. H. Th. A. Thomsen biður um leyfi til ýmsra smábreytinga á húsinu nr. 1 við Lækjartorg (gamla Melstedshús). Byggingarnefndin leggur að Íslandsbanki sje hjer rjettur málsaðili sem eigandi hússins, en ekki Thomsen sbr. 20. gr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 lóð í byggingarsamþ. samkv. þessari gr. getur
Íslandsbanki ekki selt húsið, nema kaupandi
geri eldvarnarvegg á milli húsanna. –

9 L. Dichmann synjað um að láta standa skúr
á lóð hans, Lindargötu 14 nema því að eins að
hann verði fluttur í 10° fjarlægð frá húsum ná-
granna og 5° frá lóðarmörkum eptir nánari
ákvæðum byggingarfulltrúa.

10. Iðnaðarmannafjelaginu leyft að breyta úti-
dyrum norðan og vestan á Iðnaðarmanna-
húsinu, þannig að hurðir falli út, og við fyrir
dyrnum breikki um ca. 12".

11. Skúla Jónsson kaupm. hefir breytt tveim her-
bergjum í kjallara hússins Lindargötu 32 í
íbúðarherbergi með þiljum innan. Byggingar-
nefndin eftir á fyrir sitt leyti samþykk.

12. Steingrímur Guðmundsson snikkari tilkynnir
að hann ætli að byggja hús það, er um getur í
fundargerð 15. ágúst, 3. lið, úr steini eða steinsteypu,
ef ekkert því sje til fyrirstöðu. Byggingarnefndin
tekur þessari breytingu með gleði.

13. Byggingarnefndin kærir Jónas H. Jónsson Skólavstíg
fyrir það, að hann hefur í óleyfi tekið til íbúðar
hús, er honum hefir verið synjað um leyfi til að
nota sem íbúðarhús sbr. fundargjörð 30. sept. þ. á. nr. 8.

14. Nefndin kærir einnig Ámunda Árnason við
Klapparstíg fyrir að hafa [illegible] –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mörkum, á Eldvarnarveggi, sbr. fund 12. sept. f.á. nr. 7.-

15. Sigvalda Hákonarsyni, Laufásveg 17, leyft að byggja þakerni 1°18" x 1½°.

16. Erindi frá Eiríki Bjarnasyni um að mega breyta 100□ aln. af Skothúsbletti í byggingarlóð, ræður nefndin til að verði synjað þartil útgjört verður um hvort skemmtigarður verði gjörður við Tjarnarendann.

Allir á fundi nema Sveinn Jónsson og Kristján Þorgrímsson, Rögnvaldur Ólafsson gekk af fundi eftir 12. málið.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Jensson Sig. Thoroddsen

K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14da Október 1908.

Háttvirt Bæjarstjórn Reykjavíkur!
Hjer með leyfi eg mjer að bjóða yður forkaupsrjett á lóðarræmunni meðfram „Óðinsgötu“ að neðanverðu næst Guðna gullsmið Símonarsyni - fyrir 200 kr en að forkaupsrjettinum ónotuðum óska eg þessu stykki bætt í Byggingarlóð með venjulegum Skilmálum

Eg skal geta þess að Guðni gullsmiður þarfnast þessarar ræmu til þess að geta byggt og hefi eg því að forkaupsrjettinum ónotuðum lofað Guðna ræmuna.

Með sjerlegri virðingu
Virðingarfyllst
Matthías Matthíasson.

B. Rvk 173/1908 By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með bið jeg hina
heiðruðu Byggingarnefnd
Reykjavíkur að mæla nýja
út undir hús að Stærð og gerð
eins og sjá má af uppdrætti
þeim sem beiðni þessari fylgir
Húsið á að standa á lóð
þeirri með Frakkastíg
er jeg kaupi af bænum og
nýja hefur verið veitt samkvæmt
beiðni minni

Reykjavík 29 Október 1908

Bjarni Jónsson
Njálsgötu 37

B. Rvk. $\frac{172}{1908}$ By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þókadist hinni háttvirtu Biggingarnemd.
ad leifa mjer ad biggja upp á lódinni
soo kalledni Grimstadakotslód á grimsstada-
holti hjer i Bænum hjer med fylgir uppdrætti
af husi og lód

Grimsstödum 31/10 - 1908

Bjarni Grimsson

til Biggingarnemdarinnar i Reykjavík

B. Rvk. 171/1908 By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leifi jeg mjer virðingar-filst að biðja hina háttvirtu biggingarnefnd Reykjavíkur bæjar svo vel gjöra að leifa mjer að gjöra við báða gafla i íbúðar bæ mínum Setbergi á Bráðræðisholti þareð þeir eru orðnir svo fúnir að jeg get ekki lifaði i honum fyrir trekk og við búið að þeir fjúki úr ef það er ekki bráðlega gjört
með virðingu

Setbergi á Bráðræðisholti 26/10 – 1908

Jón Jónsson

B. Rok. $\frac{170}{1908}$ By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd að jeg fái leyfi til að láta standa fyrst um sinn, skúr þann hinn gamla er á lóð minni við Lindargötu stendur og sem er að stærð 6×9×3 al. þess skal getið að jeg hefi í hyggju að stækka smiðahús mitt á næsta ári, og þá verður hinn umtalaði skúr að sjálfsögðu rifinn niður.

Reykjavík 14 október 1908

Virðingarfyllst

L. Wiechmann

Til Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Pink. 169/1908. Bg. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VERKFRÆÐINGUR K. ZIMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: »INGENIÖR«.
TALSÍMI Nr. 13.

Deild

Reykjavík 22. okt. 1908.

Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík óskar að fá leyfi háttvirtrar byggingarnefndar til að láta breyta útgöngudyrunum á Iðnaðarmannahúsinu vestan- og norðanverðu, þannig að ~~þær~~ hurðir falli út, í stað þess að nú falla þær inn í húsið. Samfara þessari breytingu þarf að breikka steinþrepin fyrir framan dyrnar um c. 12 þuml. Svar nefndarinnar óskast sem fyrst.

Virðingarfyllst

Fyrir Iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík

K Zimsen.

Til

byggingarnefndarinnar

B. Rvk. 168/1908 í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




B. Rvk. 166/1908 By. VI

Laufásveg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil eg lefa
mjér undirskrifaður
að biðja hina hátt virtu
bigginganefnd
Reykjavíkur-kaupstaðar
að göra svo vel og mæla
mjer út á lóð minni
við Laufásveg № 17
undir vanhús mitt
stærð 1°18" × 1½°.—

Reykjavík 30 Oktobr
1908

Sigvaldi Hakonarson

Til
bigginganefndarinnar
í Reykjavík

B. Rvk. 166/1908 By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð læt jeg hina heiðruðu Byggingarnefnd vita, að jeg hefi hugsað mjer að byggja úr steini eða steinsteypu hús það er jeg byggi við Fríkirkjuveg, og hætta við að hafa það timbur hús, eins og áður var meining mín, og vildi jeg heyra hvort ~~hvort~~ nokkuð gæti verið því til fyrirstöðu,

Rvík 30 Oktober 1908

Steingr. Guðm.son

Til

Byggingarnefndarinnar í Rvík

B. Rvk $\frac{162}{1908}$ By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 21. Oktob. 1908

Með því að jeg hefi látið þilja innan tvö herbergi í kjallara hússins við Lindargötu nr 30 (32.) hjer, með það fyrir augum að nota þau herbergi til íbúðar, þá leyfi jeg mjer hjermeð, að biðja heilbrigðisnefnd bæjarins að veita mjer samþykki sitt, að nota kjallara herbergi þessi hjer eptir til íbúðar, og er mjer _mjög_ _áríðandi_, að fá svar nefndarinnar _hið_ _allra_ fyrsta.

Virðingarfyllst

Sturla Jónsson

B. Rvk. 167/1908 By. VI

Til Heilbrigðisnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leifi jeg mjer, að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd, að hún á næsta fundi sínum vildi veita mjer leifi til, að byggja hús það við Stýrimannastíg, er meðfylgjandi uppdráttur sýnir

Reykjavík 30 oktober 1908.

Eiríkur Gíslason. Norðurstíg 5.

Til

Byggingarnefndarinnar í Reykjavík.

B. Rvík. 165/1908 By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**THOMSENS MAGASÍN**
H. TH. A. THOMSEN.
REYKJAVÍK.

SÍMNEFNI: HAT. TALSÍMI: I, 2, 3.

Reykjavík 25. Októbr 1908.

Hjermeð leyfi jeg mjer að leita samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar á þessum smá-breytingum á húsinu nr. 1 við Lækjartorg („Klubhúsinu“):

1.) Byggja upp inngönguskúrinn að bakdyrum hússins, þareð sá núverandi er ónýtur orðinn, og hafa hann lítið eitt austar þannig, að inngöngudyrnar verði þar sem gluggi er nú, en gluggi aptur þar sem inngöngu-dyrnar eru nú.

2.) Ef til þess kemur, að breyta eldhússstiganum þannig, að hann verði beinn, en ekki snúnar neðstu tröppurnar, eins og nú er; ~~verð~~ yrði hann þá betri enn nú, en ekki er hægt að hafa hann eins fullkominn og stigar í nýjum húsum eiga að vera, þó hurð og annað afskammtar pláss hans.

Smábreytingar þessar koma ekki í bága við ákvæði byggingarsamþykktarinnar í 2. gr., 30. gr., nje í neinum öðrum greinum, og leyfi jeg mjer því að vænta samþykkis hinnar háttvirtu byggingarnefndar.

Virðingarfyllst

pr. pr. H. TH. A. THOMSEN

Karl Nikulásson.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

B. Rvk. 164/1908 By. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að eg undirritaður hefi í hyggju að selja Sigfúsi kaupm. Björnssyni hér í bænum 1000 – eitt þúsund – ferálnir lands úr erfðafestulandi mínu svokölluðum Skothúsbletti, hér í bænum, á 1 krónu fyrir hverja feralin og jafnframt fá því breytt í byggingarlóð, leyfi eg mér hérmeð að bjóða hinni heiðruðu bæjarstjórn kaups á nefndu landi fyrir ofangreint verð áður en eg fullgeri kaupin við Sigfús Björnsson.

Reykjavík 8. okt. 1908

Virðingarfyllst

Eiríkur Bjarnason.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur

B. Pick. 163/1908 Bj. VI

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Fyrir þremur árum settu ýms fjelög hjer í bænum sameiginlega nefnd til þess að rannsaka og íhuga hvort eigi mundi mögulegt að koma upp samkomuhúsi hjer í bænum þar sem fjelögin hefðu hentugt húsnæði fyrir fundi sína og þar sem væri nægilega stór salur fyrir stærstu samkomur í bænum. Meðan nefnd þessi var að starfa að málinu bauðst henni til kaups sú eina lóð í miðbænum, sem var nægilega stór fyrir slíkt samkomuhús, sem sje lóðin við Vonarstræti fyrir miðjum tjarnarendanum, að stærð 4200 ferálnir, og með því að nefndin taldi samkomuhús hvergi betur sett í bænum en á þessum stað, vildi hún fyrir hvern mun tryggja fyrirtækinu lóðina, og nefndarmenn rjeðust því í að kaupa hana.

Nú er komið svo að eigi er sýnilegt að nokkuð geti orðið úr samkomuhússbyggingunni og nefndin hefur því eigi ástæðu til þess að halda lóðinni óseldri lengur, en áður en hún býður hana einstökum mönnum, eða ráðstafar henni á annan hátt, vill hún bjóða hinni háttvirtu bæjarstjórn lóðina eða einhvern hluta hennar til kaups, með því að heyrst hefur að ekki verði úr því að bærinn kaupi Goodtemplarahúsið og lóðina, sem því fylgir, fyrir ráðhús, eins og talað hafði verið um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og með því að ráðhús mundi ávíða betur sett en á umræddri lóð.

Fyrir nefndarinnar hönd leyfi jeg mjer því að snúa mjer til bæjarstjórnarinnar og spyrjast fyrir um það hvort hún mundi vilja sinna þessu máli, og ef svo er að beiðast þess að málið verði sett í nefnd er gæti ef til kæmi samið nánar um hvort bærinn keypti alla lóðina eða aðeins nokkurn hluta hennar, svo og um verðið, sem mundi fara talsvert eptir því hvernig bærinn vildi haga kaupunum. Aðeins skal jeg nú þegar geta þess að eigi er ómögulegt að nefndin, sem lóðina á, vildi taka aðra lóð hjá bænum í skiptum að einhverju leyti.

Reykjavík 27. október 1908
Virðingarfyllst
Eggert Claessen

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur